Spunagreind sem námsfélagi í nýsköpunarnámi

Hannes Ottósson og Tryggvi Thayer

Spunagreind hefur á skömmum tíma orðið aðgengilegt verkfæri í háskólanámi, en notkun hennar hefur að miklu leyti beinst að textagerð, upplýsingaleit og endurgjöf. Í þessu þróunarverkefni er kannað hvernig nýta megi spunagreind með öðrum hætti: sem virkan námsfélaga í verkefnamiðuðu nýsköpunarnámi.

Verkefnið hlaut styrk úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands og miðar að því að þróa kennslulausn þar sem nemendur nýta sérhæft spjallmenni við notenda- og sprotaþróun. Spjallmennið er byggt á ChatGPT og sérhæft með kerfisfyrirmælum (e. system prompt) sem skilgreina hlutverk þess og vinnulag. Jafnframt hefur viðeigandi gögnum og námsefni verið bætt við til að styðja við þróunarferlið. Spjallmennið getur tekið að sér hlutverk ólíkra notenda og hagsmunaaðila og stutt nemendur við að skilgreina áskoranir, greina þarfir notenda, þróa og meta hugmyndir og móta lausnir. Markmiðið er að samtal við spunagreindina styðji við ígrundun, gagnrýna hugsun og áframhaldandi verkefnaþróun.

Lausnin hefur verið prófuð í einu meistaranámskeiði og verður prófuð í öðru áður en verkefnið verður kynnt á ráðstefnunni. Fyrstu niðurstöður benda til þess að spjallmennið geti meðal annars nýst við undirbúning notendasamtala, hugmyndavinnu, mat og þróun hugmynda og skipulag verkefnavinnu. Reynsla nemenda var þó ekki einhlít. Sérstaklega náðu hermdir notendur ekki alltaf að endurspegla tilfinningalega og félagslega þætti sem komu fram í samtölum við raunverulega notendur.

Í erindinu verður fjallað um hönnun og innleiðingu kennslulausnarinnar og niðurstöður úr báðum nemendahópunum. Jafnframt verður rætt hvaða hlutverki spunagreind getur gegnt sem námsfélagi og hvar mörkin liggja milli gagnsemi hermdra notenda og nauðsynlegs samtals við raunverulega notendur.

Lykilorð: spunagreind; námsfélagi; nýsköpunarnám; verkefnamiðað nám; notendamiðuð hönnun; hermdir notendur; gagnrýnin hugsun